

**Nd. 361. Frumvarp til laga**

um samkomudag reglulegs Alþingis 1946.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

1. gr.

Reglulegt Alþingi 1946 skal koma saman 1. dag októbermánaðar, hafi forseti Íslands eigi tiltekið annan samkomudag fyrr á árinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Frumvarp þetta er flutt að beiðni forsætisráðherra, og fylgdi því svofelld greinargerð:

Með því að í ráði er að fresta nú fyrir jólin fundum reglulegs Alþingis 1945 til 1. febrúar n. k., en þess biðja þá allmikil verkefni til úrlausnar og afgreiðslu, er sýnt, að nýtt reglulegt þing getur ekki komið saman á venjulegum tíma, 15. febrúar, og þykir ríkisstjórninni því rétt að leggja til, að samkomudagur reglulegs Alþingis á næsta ári verði ákveðinn 1. október, nema óhjákvæmilegt reynist að kveðja það saman fyrr.